



Arctic Sea Farm hf.
Sigurður Pétursson
Suðurgötu 12
400 Ísafjörður

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 30. apríl 2021
Tilv.: UMH21040131/8.14

Vísað er til erindis yðar frá 28. apríl sl. þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá hvíldartíma sem kveðið er á um í starfsleyfi fyrir starfsemi Arctic Sea Farm hf., kt. 700807-0450, í Dýrafirði. Fram kemur í erindinu að í starfsleyfi sé hvíldarími skilyrtur við sex mánuði og að nauðsynlegt sé að koma seiðum í sjó 1. maí nk. Það snúi að svæði sem nefnt er Eyrarhlíð. Umrætt svæði hafi verið í hvíld í fimm og hálfan mánuð 1. maí nk. og er því verið að óska eftir 14 daga styttingu á hvíldartíma. Í starfsleyfi sem hefur verið auglýst og sé tilbúið til útgáfu sé kveðið á um 90 daga hvíldartíma. Upp sé komin alvarlega staða ef ekki verði hægt að klára útgáfu nýrra eldisleyfa fyrir Arctic Sea Farm hf. í Dýrafirði. Útgáfa rekstrarleyfis af hálfu Matvælastofnunar hafi dregist og ekki hafi fengist svör um hvort stofnunin muni gefa út nýtt rekstrarleyfi fyrir áformaða útsetningu sjógönguseiða. Í erindinu er farið yfir ferli mats á umhverfisáhrifum, starfsleyfis og rekstrarleyfis sem og niðurstöður umhverfisvöktunar.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fram komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matskyldu starfseminnar. Afmarka skal undanþágu við þá þætti sem nauðsyn krefur í samræmi við þá meginreglu að allur atvinnurekstur skuli hafa gilt starfsleyfi.

Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar með afriti á Matvælastofnun.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 29. apríl sl. Í umsögn stofnunarinnar kemur fram að samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skuli útgefandi starfsleyfis vinna tillögur að starfsleyfi og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt sé að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfisins innan fjögurra vikna frá auglýsingu. Umhverfisstofnun hafi þann 26. nóvember sl. staðfest að umsókn Arctic Sea Farm hf. vegna starfsleyfis fyrir sjókvíaldi í Dýrafirði væri fullnægjandi. Þann 8. janúar sl. hafi starfsleyfistillaga Arctic Sea Farm hf. í

Dýrafirði verið auglýst og frestur til að skila athugasemdum til og með 8. febrúar sl. Rekstraraðili sé með starfsleyfi í gildi, en í því er mælt fyrir um að eldissvæðin skuli vera hvíld milli eldislota í sex mánuði. Í nýrri starfsleyfistillögu sé hvíldartíminn a.m.k. 90 dagar. Samkvæmt 9. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 skal útgefandi starfsleyfis taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfisins innan fjögurra vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir leið. Þannig hafði Umhverfisstofnun frest til 8. mars sl. til að taka ákvörðun um útgáfu á starfsleyfinu. Starfsleyfi rekstraraðila sé tilbúið en óútgæfið. Rekstraraðili hafi því verið með réttmætar væntingar að geta sett seiðin út í mars þar sem starfsleyfis- og rekstrarleyfin hafi átt að vera útgefin á þeim tíma. Vegna tafa hjá Matvælastofnun hafi útgáfan dregist og rekstraraðili hafi áformað útsetningu fyrsta seiðahóps í síðasta lagi næsta laugardag, þ.e. 1. maí nk. Verði ekki mögulegt að gefa út ný leyfi fyrir umrætt eldi í Dýrafirði eða undanþágu frá hvíldartíma sé mikil hætt á að, seiðin sem setja eigi út og hafi þegar náð sjógöngustigi (smoltuð) og eru að meðaltali yfir 240 g þyngd, drepist þar sem seiði haldi sjógöngustigi aðeins í nokkra daga. Öll eldisplön rekstraraðila sem sett voru fyrir rúmu ári síðan eftir að mati á umhverfisáhrifum lauk hafi gert ráð fyrir útsetningu í apríl. Slátrun á eldissvæðinu Eyrarhlíð hafi lokið 15. nóvember sl. og samkvæmt gildandi starfsleyfi hefði því átt að hvíla svæðið að lágmarki til 15. maí nk. Fá rekstraraðili ekki umbeðna undanþágu með heimild til útsetningar nú sé hætt á að hefja þyrfti aftur ljósastýringu og smoltun þeirra seiða sem nú þegar eru tilbún til sjósetningar, þar sem um er að ræða þröngan glugga þar sem seiðin halda sjógöngustigi. Stærð seiða og þéttleiki í seiðastöðinni sé slíkur að búast má við miklum afföllum af þeim seiðahópum sem séu nú tilbúnir til útsetninga náist ekki að setja seiðin út. Þar sé ekki einungis um að ræða fjárhagslegt tjón rekstraraðila og áhrifa á samfélagið líkt og rekstraraðili fjalli um í beiðni sinni, heldur geti skapað mikið magn af dauðfiski sem þarf þá að farga. Samkvæmt tölum frá rekstraraðila sé áætluð útsetning á 135 þús. seiðum 1. maí nk., meðalþyngd 240 g, sem geri rúm 32 tonn. Þá standi til að setja út u.þ.b. tvisvar sinnum fleiri seiði fyrir 15. maí nk. Sé meðalþyngd þeirra hópa svipuð og þess fyrsta er um að ræða u.þ.b. 65 tonn til viðbótar, eða samtals u.þ.b. 100 tonn af seiðum sem áætlað hafi verið að setja út fyrir 15. maí nk. Verði umtalsverð afföll af seiðahópunum má því búast við talsverðu magni af lífrænum úrgangi sem þyrfti að farga. Hvíldartíminn í nýrri starfsleyfistillögu er tiltekinn a.m.k. 90 dagar og hafi sú stytting frá fyrri hvíldartíma undirgengist mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telji ekki að stytting á hvíld Eyrarhlíðar við útsetningu vorið 2021 úr sex mánuðum í fimm og hálfan mánuð muni hafa umtalsverð áhrif á umhverfið. Líkt og komi fram í beiðni rekstraraðila hafi verið framkvæmdar sýnatökur á svæðinu á meðan eldi seinustu kynslóðar stóð og voru niðurstöður nærvöktunar (MOM-B skv. norskum staðli 9410:2016) einkunnin 1, eða mjög gott. Einnig hafi verið framkvæmd sniðvöktun (MOM-C skv. norskum staðli 9410:2016) á sama tíma, en niðurstöður hennar hafi ekki bent til þess að áhrifin væru mikil miðað við grunnsýnatöku sem tekin hafi verið áður en eldi hófst. Þó þurfi að fylgjast með vísitögundum mengunar. Hvíldarsýnartaka hafi verið framkvæmd á svæðinu og niðurstöður hennar muni berast innan skamms. Vöktunarniðurstöður verði framvegis notaðar til að meta hvort ástæða sé til að lengja hvíldartíma í Dýrafirði umfram þá 90 daga sem kveði sé á um í nýrri starfsleyfistillögu, sbr. gr. 3.2 í áðurnefndri tillögu. Umhverfisstofnun meti ástand eldissvæðisins við Eyrarhlíð á þann veg að heimild stofnunarinnar til einhliða frestunar útsetningar, sem fáið við gildistöku áðurnefndrar starfsleyfistillögu, hefði ekki verið nýtt til frestunar útsetningar seiða vorið 2021 þó hún hefði verið til staðar. Vegna alvarleika málsins, dýravelferðar og gríðarlegra hagsmuna telji Umhverfisstofnun að skilyrði fyrir tímabundinni undanþágu séu uppfyllt að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Til starfrækslu fiskeldisstöðvar þarf starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar. Rekstraraðili er með gilt starfsleyfi sem gildir til 22. nóvember 2033 og gilt rekstrarleyfi FE-1123 fyrir Arctic Sea Farm hf. sem gildir til 22. desember 2027 og tekur m.a. til Eyrarhlíðar í Dýrafirði. Arctic Sea Farm hf. í Dýrafirði hefur sótt um nýtt starfsleyfi og nýtt rekstrarleyfi. Hinn 8. febrúar 2021 auglýsti Umhverfisstofnun starfsleyfistillögur Arctic Sea Farm hf. í Dýrafirði og var frestur til að skila athugasemdum til og með 8. febrúar sl. Nýtt starfsleyfi er tilbúið hjá Umhverfisstofnun en hefur ekki verið gefið út, þrátt fyrir að útgefandi starfsleyfis skuli, skv. 1. og 2. ml. 4. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, innan við

fjögurra vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir við tillögur að starfsleyfi rann út taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis og tilkynna umsækjanda og þeim sem hafa gert athugasemdir um afgreiðsluna og senda útgefið starfsleyfi til Matvælastofnunar, skv. 3. ml. 3. mgr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Rekstrarleyfið er ekki tilbúið hjá Matvælastofnun. Samkvæmt 4. ml. 3. mgr. 4. gr. b. laga nr. 71/2008 um fiskeldi skal Matvælastofnun afhenda umsækjanda útgefin starfs- og rekstrarleyfi samtímis. Í gildandi starfsleyfi er kveðið á um að eldissvæði skulu vera hvíld milli eldislota í sex mánuði. Í nýrri starfsleyfistillögu er hvíldartíminn a.m.k. 90 dagar og stytting frá fyrri hvíldartíma hefur undirgengist mat á umhverfisáhrifum. Eldisplön rekstraraðila um útsetningu í apríl á þessu ári voru tilbúin fyrir rúmu ári síðan af afloknu mati á umhverfisáhrifum. Náist ekki að setja smoltið, þ.e. er seiði sem hafa þegar náð sjógöngustigi út nú getur komið til þess að hefja þurfi aftur ljósastýringu og smoltun þeirra seiða sem nú þegar eru tilbúin til sjósetningar, þar sem um er að ræða mjög þröngan tímaramma þar sem seiðin halda sjógöngustigi, og vegna stærð seiða og þéttleiki í seiðastöðinni má búast við miklum afföllum af þeim seiðahópum sem eru nú tilbúin til útsetninga sem og næstu hópum. Þetta hefur í för með sér sóun verðmæta, samfélagslegt tjón og mikið magn af lífrænum úrgangi sem þyrfti þá að farga. Vegna alvarleika málsins, dýravelferðar og gríðarlegra hagsmuna telur Umhverfisstofnun að skilyrði fyrir tímabundinni undanþágu séu uppfyllt og leggur til að umbeðin undanþága verði veitt,

Í ljósi framangreinds, umsagnar Umhverfisstofnunar og í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fellst ráðuneytið á að veita starfsemi Arctic Sea Farm hf., kt. 700807-0450, í Dýrafirði tímabundna undanþágu frá starfsleyfi hvað varðar hvíldartíma á eldissvæði Eyrarhlíðar að því tilskildu að fyrirtækið uppfylli að öðru leyti ákvæði gildandi starfsleyfis sem Umhverfisstofnun gaf út 22. nóvember 2017 og lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda, sérstaklega ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og þeim kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun fer með eftirlit með starfseminni í samræmi við reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 1. júlí 2021.

Umhverfisstofnun skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Kjartan Ingvarsson

Sigurbjörg Sæmundsdóttir